það til skipulagsskrár fyrir styrktarsjóð handa þeim, er bíða tjón af jarðeldi á Íslandi, er hingað var sent með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 4. marz þ. á. áleit ráðgjafinn það rjettast, að gefa nefnd þeirri, sem hjer hafði myndazt til að safna gjöfum handa þeim Íslendingum, sem tjón höfðu beðið af eldsuppkomunum 1875, tækifæri til að láta í ljósi álit sitt um frumvarpið, og hefir nefndin í svari sínu hjer aðlútandi stungið upp á því að teknar sjeu í skipulagsskrána viðaukaákvarðanir þær, að í 1. gr. sje bætt við ákvörðun um, að ríkiskuldabrjefum þeim, er þar eru nefnd, sje varið í innritunarskírteini, sem hljóði upp á nafn sjóðsins, að í niðurlagi 1. atriðis 2. greinar sje gjörð ákvörðun um, að ekki megi hagga við grundvallarinnstæðunni, nema til þess sje útvegað samþykki ráðgjafans fyrir Ísland, og að í niðurlaginu á öðru atriði hinnar sömu greinar sje bætt við, að svo framarlega sem hlutaðeigandi gefandi ekki hefir gjört neina ákvörðun um, hvernig verja skuli einhverri fjárupphæð, sem sjóðnum hefir gefizt, skal bera það mál undir úrskurð ráðgjafans fyrir Ísland. **161** 23. sept.

Með því að ráðgjafinn varð að álíta, að breytingar þær, sem þannig var stungið upp á, ættu vel við, og hafði að öðru leyti ekki fundið neitt út á ákvarðanir þær að setja, sem skipulagsskráin inniheldur, lagði ráðgjafinn það allraþegnsamlegast til við hans hátign konunginn, að skipulagsskráin með viðaukaákvörðunum þeim, er nefndin hafði gjört, mætti öðlast allrahæztu staðfestingu, og var sú tillaga allramildilegast samþykkt 31. júlí síðastliðinn.

Um leið og þetta er tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þeirrar, er þörf er á, í stjórnartíðindunum, er ekki látið dragast að senda yður, herra landshöfðingi, skipulagsskrá þá, er þannig er staðfest. Þar að auki er sendur reikningur fyrir þeim konunglegum skuldabrjefum er 25. og 31. maí f. á. hafa verið afhent ráðgjafanum af gjaldkera áminnztrar nefndar að upphæð samtals 16500 kr. og fylgir reikningi þessum innritunarskírteini Litra G. fol. 626 að upphæð 16500 kr., konunglegt skuldabrjef Litra L. no. 15496 að upphæð 1000 kr., og upphæð, er eptir hefir orðið í peningum 99 kr. 35 a.

Búizt er við þóknanlegri viðurkenningu fyrir, að innritunarskírteinið, skuldabrjefið og áminnztir peningar sjeu meðteknir.

— *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* styrk til að gefa út danska lestrarbók. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 3. þ. m. veitist hjer með Kristjáni bókbindara Þorgrímssyni af fje því, sem með 15. gr. fjárlaganna um árin 1878—79 er ákveðið til vísindalegra fyrirtækja, 300 kr. styrkur til þess að gefa út danska lestrarbók með málmyndalýsingu og orðasafni, þannig að adjunkt Steingrímur Thorsteinsson semji þessa bók, að hún verði ekki minni en 16 arkir i venjulegu 8 blaða broti og að hún verði í kápu seld ekki dýrari en svo sem svari 12 a. fyrir hverja örk. Loksins er það sjálfsagt skilyrði fyrir styrknum, að lokið verði við prentun bókarinnar svo snemma að styrknum geti orðið ávísað hjeðan fyrir lok áðurnefnds fjárhagstímabils. **162** 11. okt.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* að yfirheyra skipbrotsmenn. — Af ýmsum skipbrotsmálum, er jeg meðtók frá yður, herra amtmaður, með þessum pósti sjezt, að viðkomandi sýslumenn hafa álitið svör þau við hinar prentuðu spurningar, er lagðar eru fyrir skipbrotsmenn og innihalda skýrslur **163** 14. okt.

163 14. okt. um nafn skipsins og stœrð, útgjörðamenn, nafn skipstjóra og tölu skipverja, og einkum miða til þess að komast að raun um, hvort skipbrotsmenn œski aðstoðar yfirvaldsins við björgun á skipi — fullnœgjandi í stað sjóferðaprófs þess, er halda skal samkvæmt 21. gr. laga um skipaströnd frá 14. janúar 1876, þegar lifandi menn fylgja hinu strandaða skipi eða gózi. Í annan stað láta sýslumenn sjer nœgja, þegar skipstjóri og skipverjar gefa skriflega skýrslu hjeraðlútandi, að láta hana fylgja strrandbókinni. Fyrir því vil jeg þjónustusamlega skora á yður að brýna fyrir öllum sýslumönnum í amti yðar að halda skuli bæði þá er regluleg skipbrot koma fyrir, og lifandi menn fylgja skipi og gózi og þá er svo ber undir að skipverjar komast með lífi til lands án þess að takist að bjarga skipi eða gózi, en skipbrotsmenn leita aðstoðar hins opinbera með tilliti til viðurværis og heimflutnings, löglegt sjóferðapróf og yfirheyra skipstjóra og skipverja um, hvernig strandið hafi aðborið og hver hafi verið orsök þess, einnig skal þar skýrt frá, hvaðan skipið hafi komið, hvort það hafi átt að fara, hver farmurinn hafi verið, ábyrgð skipsins og farmsins o. fl. og ber viðkomöndum að staðfesta þessa skýrslu sína með eiði í rjettinum.

Því skal viðbœtt, að fyrirfram borgun sú úr jarðabókarsjóði á hinum umrœddu gjöldum gegn endurgjaldi frá rjettum hlutaðeigöndum, er getur um í 10. gr. laganna um skipaströnd, er bundin því skilyrði, að gætt hafi verið fyrirmæla strandlaganna, enda munu slík gjöld því að eins fást endurgoldin.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 4. dag nóvbrm. þóknaðist hans hátign konunginum allramildilegast að skipa sóknarprest að Keldum í Rángárvallaprófastsdœmi sira Ísleif Gíslason til þess að vera prest að Arnarbæli í Árnesprófastsdœmi.

6. s. m. þóknaðist hans hátign konunginum allramildilegast að skipa settan málaflutningsmann við hinn konunglega landsyfirdóm Guðmund Pálsson sýslumann í Mýra og Borgarfjarðarsýslu.

S. d, þóknaðist hans hátign konunginum allramildilegast að skipa sýslumann í Ísafjarðarsýslu og bœjarfógeta í Ísafjarðarkaupstað Stefán Bjarnarson til þess að vera sýslumann í Árnessýslu.

4. septbr. var hjeraðslæknir í 8. læknishjeraði Júlíus Halldórson settur til þess í sameiningu við embætti sitt að gegna 9. læknishjeraði, meðan það er laust.

22. nóvbr. var kandídat Ólafur Ólafsson skipaður prestur að Brjámslœk í Barðastrandarprófastsdœmi.

29. s. m. var sýslumaður Stefán Bjarnarson settur um stundarsakir sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bœjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað, en fyrrverandi sýslumaður Þorsteinn Jónsson settur sýslumaður í Árnessýslu.

ÓVEITT EMBÆTTI.

a, er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

Sýslun sem settur kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík; árslaun 2000 kr.

Sá, sem skipaður verður í þetta embætti, er skyldur að takast á hendur umsjón við skólann án sjerstakrar þóknunar, verði þess krafist.

Auglýst 5. nóv. 1878, og eiga bónarbrjefin um það að vera komin til ráðgjafans 6. apríl 1879.

Embættið sem sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bœjarfógeti í Ísafjarðarkaupstað innan vesturamts Íslands. Árslaun 3500 kr. auk óvissra tekna samkvæmt 2. grein laga 14. des. f. á. um laun sýslumanna og bœjarfógeta.

Auglýst 7. nóv. 1878. Bónarbrjefin eiga að vera komin 6. apríl 1879.

Sœki aðrir en Íslendingar um embætti þessi, skulu þeir hinir sömu láta bónarbrjefum sínum fylgja tilheyrilegt vottorð um kunnáttu í íslenzkri tungu samkvæmt konúngsúrsk. 8. apr. 1844, 27. maí 1857, og 8. febr. 1863,

b, er landshöfðingi veitir.

Keldnaþinga prestakall í Rangárvallaprófastsdœmi, metið 733 kr. 4 a., auglýst 26. nóv. 1878.

Þingvalla prestakall í Árnessprófastsdœmi, metið 649 kr, 35 a., auglýst 26. nóv. 1878. Úlfljótsvatns kirkjusókn verður að líkindum algjörlega lögð frá Þingvöllum til Klausturhóla.